

miðvikudagur, 12. apríl 2023

Heimastjórn Seyðisfjarðar
Erindi: Selavin við Lónið

Á þeim átta árum sem ég hef búið á Austurvegi 30 hefur ég notið þess að horfa yfir Lónið okkar daglega. Lengi hefa verið uppi hugmyndir að betrubótum á Lóninu með göngustígum og jafnvel göngubrú sem vonandi verða einhvern tímann að veruleika.

Þegar fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins kom í byrjun apríl minnta það mig á að mun fleiri en ég njóta lónsins allt árið. Heimafólk á öllum aldri og ferðamenn innlendir sem erlendir njóta lónsins og því sem það hefur upp á að bjóða. Þennan dag var fallett veður og farþegar á skipinu nutu útverunnar við Lónið og ekki síst að fylgjast með selunum sem böðuðu sig í sólinni á steinunum. Frá því að ég hef búið „við Lónið“ hef ég tekið eftir ferðamönnum sem laðast að selunum til að fylgjast með þeim og mynda. Þegar ég sá svo selina liggja makindalega á litlum fljótandi ísjökum um daginn datt mér í hug hvort ekki væri sniðugt að setja litla flot „bryggju“ á Lónið fyrir selina og okkur sem höfum gaman að því að fylgjast með þeim.

Ég sá fyrir mér lítinn pramma sem væri botnfastur skammt út frá bekkjunum sem eru við ytri brúna (merkt með hvítum hring á mynd1) og myndi rúma 3-4 seli. Þá sá ég fyrir mér að festingin þyrfti nægilegan slaka til að fylgja flóði og fjöru en þó alltaf vera á floti. Festingin þyrfti að þola leysingar og ís árinna. Pramminn þyrfti að þola ca 4 seli sem get verið um 100 kg hver.

Ég get ekki ímyndað mér neinn mótfallinn hugmyndinni nema mögulega stangveiðimenn. Ég hef stungið þessari hugmynd að hluta stjórnar stangveiðifélagsins og líst þeim vel á. Það þyrfti væntanlega að leita formlegrar umsagnar félagsins.

Ég geri mér ekki almennilega grein fyrir hvað svona lagað myndi kosta en eflaust er hægt að fá einhverja styrki fyrir slíka selavin.

Það sem mig langar að vita er í fyrsta lagi hvort sveitarfélagið sér fyrir sér að veita leyfi fyrir slíkri „selavin“ eða flotpramma. Og í öðru lagi hvort vilji er hjá sveitarfélaginu að framkvæma þessa hugmynd.

Með von um góðar undirtektir heimasjórnar og stuðning við verkefnið inn í umhverfis- og framkvæmdarráð.

Elvar Snær Kristjánsson